

Reykjavík, 23.02.2021
EAS/íls/hsUmhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík**Efni: Athugasemdir vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um loftslagmál (markmið um kolefnishlutleysi)**

Vísað er til tilkynningar sem birt var í samráðsgátt stjórnarráðsins, dags. 9. febrúar 2021, vegna áforma um frumvarp til breytinga á loftslagslögum þar sem markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 verði lögfest, sbr. mál 37/2021.

Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög hennar Carbfix, Veitur, Gagnaveita Reykjavíkur og Orka náttúrunnar (eftirleiðis saman nefnd OR) fagna því skrefi sem stjórnvöld hafa stigið með frumvarpinu um lögfestingu markmiðs um kolefnihlutlaust Ísland árið 2040. Þó er bent á að þegar horft er til lengri framtíðar en 2040 er ljóst að markmið um kolefnisneikvætt Ísland þarf að fylgja.

Ástæða er til að huga sérstaklega að aðgerðaráætlun stjórnvalda og fjármögnun þeirra aðgerða sem styðja eiga við kolefnishlutleysi því án fjármagns (frá ríki, atvinnulífi, fjárfestum o.fl.) er lítil innistæða fyrir markmiðinu.

Þá er mikilvægt að huga að samspili nýsköpunar við markmið um kolefnishlutleysi því ljóst er að flestir hlutar samfélagsins og atvinnulífsins munu þurfa að taka breytingum eigi framangreint markmið að nást. OR telur að gera þurfi öllum hagaðilum hærra undir höfði í hagsmunaaðilagreiningu þegar kemur að því að leggja mat á hvar breytinga sé þörf og hverra.

Loks vill OR benda á að mikilvægt er að löggjöf sem snýr að þeim umfangsmiklu aðgerðum og innviðauppbýggingu sem framundan er til að sporna gegn loftslagsbreytingum sé ekki of íþyngjandi heldur styðji við hagkvæm og umhverfisvæn verkefni. Því er t.a.m. jákvætt að nú stendur yfir ferli sem auka á skilvirkni og samþættingu ferla á sviði umhverfismats auk þess sem fyrir þinginu liggur frumvarp um föngun, flutning og varanlega geymslu koldíoxíðs neðanjarðar.

OR þakkar fyrir tækifærið að fá að gera athugasemdir við frumvarpið og upplýsir að fulltrúar hennar eru reiðubúnir að gera frekari grein fyrir þeim sem og svara öllum þeim spurningum sem upp kunna að vakna við rýni þeirra.

Virðingarfyllt,

Íris Lind Sæmundsdóttir
LögmaðurHólmfríður Sigurðardóttir
Umhverfisstjóri OR